

Gjörgæsludeild E6 í Fossvogi

Upplýsingar til aðstandenda



Á gjörgæsludeild E6 á Landspítala í Fossvogi dvelja sjúklingar sem þarfnast sérhæfðrar gjörgæslumeðferðar og stöðugs eftirlits í lengri eða skemmri tíma vegna alvarlegra veikinda og slysa. Deildin þjónar öllu landinu, bæði fullorðnum og börnum.

Aðstaða á deildinni er annars vegar í stórum sal með sex sjúkrarúmum og hins vegar í þremur einbýlum. Herbergin eru mismunandi að stærð og hafa hvert sína sérstöðu.

Heimsóknir

Enginn ákveðinn heimsóknartími er á deildinni. Heimsóknir eru frjálssar og fara eftir óskum og þörfum sjúklinga og aðstandenda, í samráði við hjúkrunarfræðinga. Börn eru velkomin en ráðlagt er að ræða við hjúkrunarfræðinga um heimsóknir ungra barna á deildina. Þau geta þurft sérstakan undirbúning.

Gjörgæsludeildin er læst en gestir eru beðnir um að tilkynna komu sína með því að nota dyrasímann sem er fyrir framan deildina og að biðja eftir boði um að koma inn.

Aðstandendur eru stundum beðnir um að fara fram í aðstandendaherbergi á meðan verið er að sinna sjúklingum á deildinni, hvort sem um er að ræða þeirra aðstandanda eða aðra sjúklinga á deildinni. Á morgnanna, klukkan 08:00-11:15 er mikið um að vera á deildinni og þá geta aðstandendur þurft að biðja frammi á meðan á aðhlyningu og rannsóknum stendur.

Það fer eftir aðstæðum hverju sinni hversu margir geta verið í heimsókn í einu. Mælst er til að ekki séu fleiri en tveir aðstandendur hjá hverjum sjúklingi í einu af tillitsemi við aðra. Heimsóknargestir eru beðnir um að taka hljóðið af símanum sínum á meðan þeir eru í heimsókn.

Hreinlæti

Allir þurfa að spritta hendur vandlega áður en gengið er inn á deildina. Sprittbrúsar eru staðsettir við innganginn, víðs vegar um deildina og inni á aðstandendaherbergi. Handhreinsun er mikilvæg til að draga úr útbreiðslu smitsjúkdóma á borð við kvef, flensu og niðurgangspestir. Ef aðstandendur eru sjálfir með einkenni þessara sjúkdóma gæti þurft að fresta heimsókn á deildina því sjúklingar á gjörgæslu eru mjög viðkvæmir fyrir slíkum pestum og þola þær verr en aðrir. Vinsamlegast hafið samráð við hjúkrunarfræðinga deildarinnar ef þannig stendur á og ef upp koma spurningar varðandi þetta.

Aðstandendaherbergi

Fyrir framan gjörgæsludeildina er aðstandendaherbergi fyrir aðstandendur sjúklinga sem dvelja á deildinni. Í herberginu er aðstaða til að hvíla sig, horfa á sjónvarp og fá sér að borða. Þar er einnig nettengd tölva. Hægt er að geyma persónulega muni í læstum skápum. Aðstandendur bera sjálfir ábyrgð á persónulegum munum sínum í herberginu.

Aðstandendaherbergið er vel búið en það er útbúið með aðstoð Styrktarfélagsins VON, sem er félag til styrktar skjólstæðingum gjörgæsludeildarinnar í Fossvogi. Vinsamlegast gangið snyrtilega um aðstöðuna.

Aðstandendaherbergið er einnig notað til að halda fjölskyldufundi vegna sjúklinga. Á meðan geta aðrir aðstandendur nýtt sér aðstöðu í skálaherbergi fyrir framan deildina. Þar er að finna sófa, borð og stóla sem öllum er frjálst að nota. Einnig er kaffihús fyrir framan matsal á fyrstu hæð.

Aðstandendur sjúklinga á gjörgæsludeild E6 eru hvattir til að huga vel að eigin heilsu á meðan á dvölinni stendur. Það er mikilvægt að borða vel og fara reglulega heim til að hvílast. Stuttar gönguferðir eða önnur hreyfing geta einnig dregið úr streitu og bætt líðan.

Matsala

Á fyrstu hæð Landspítala í Fossvogi er matsalur. Þar geta bæði starfsmenn og aðstandendur keypt mat og drykk. Þar er í boði morgunmat, hádegismatur, kaffi og kvöldmat. Þar er einnig að finna kaffihús. Á annarri hæð er verslun kvennadeildar Rauða krossins ásamt sjálfslum.

Þagnarskylda

Heilbrigðisstarfsmönnum ber skylda til að halda trúnað við sjúklinga og aðstandendur og vernda þeirra einkalíf og persónuupplýsingar eins og mögulegt er. Það er mikilvægt að aðstandendur og aðrir heimsóknargestir ræði ekki það sem þeir verða vitni að á deildinni varðandi aðra sjúklinga og þeirra fjölskyldur. Allt sem þú sérð og heyrir á deildinni geymir þú með sjálfum þér.

Myndatökur og notkun samfélagsmiðla

Á undanförunum árum hafa aðstandendur í auknum mæli notað samfélagsmiðla til að miðla upplýsingum um ástand sjúklinga. Í þeim tilgangi eru jafnvel teknar ljósmyndir af sjúklingnum. Þó að engin lög banni slíkt er mikilvægt að virða friðhelgi einkalífs sjúklingsins og verndun persónuupplýsinga. Mikið veikir sjúklingar á gjörgæslu geta ekki gefið samþykki sitt fyrir myndatöku eða birtingu mynda og því þarf að íhuga vandlega hvað gert er við myndir og myndbönd sem aðstandendur taka. Þetta á jafnt við fullorðna og börn. Varðandi myndatökur af starfsmönnum þarf leyfi hvers starfsmanns að liggja fyrir áður en myndir eru teknar.

Hafa ber í huga að myndir og upplýsingar sem settar eru á veraldarvefinn verða opinber gögn og hverfa aldrei alveg af vefnum.

Sérhæft umhverfi gjörgæsludeildar

Umhverfi gjörgæsludeildar er mjög tæknivætt. Þar eru mörg tæki sem hjálpa til við að sinna eftirliti og meðferð sjúklinga. Flestir sjúklingar eru tengdir við vaktara/mónitora til að fylgjast með lífsmörkum þeirra. Á deildinni eru að auki vökva- og lyfjadælur, öndunarvélar, blóðskilunarvélar og fleiri sérhæfð tæki. Mismunandi er hvaða tæki eru notuð hverju sinni og fer það allt eftir sjúkdómsástandi hvers og eins.

Þegar sjúklingur þarf á öndunarvél að halda er þrædd mjúk slanga (barkaslanga) niður í öndunarveginn og lofti blásið um hana til lungna. Barkaslangan liggur á milli raddbanda og því getur sjúklingurinn ekki talað eða gefið frá sér hljóð. Aðstandendur eru hvattir til þess að tala við sjúklinginn og láta vita af nærveru sinni, jafnvel þó hann virðist sofa, því alltaf er gert ráð fyrir að hann heyri þegar talað er við hann.

Til að tryggja öryggi sjúklinga eru tækin stillt þannig að þau gefi frá sér aðvörunarhljóð við ákveðnar breytingar. Aðvörunarhljóð koma oft af litlu tilefni og án þess að hætta sé á ferðum, t.d. við hreyfingar sjúklingsins. Fylgst er með lífsmörkum á skjám víðar á deildinni og ávallt brugðist hratt við ef tilefni er til.

Á gjörgæsludeildinni getur stundum verið töluvert ónæði af hljóðum frá tækjum eða öðru í umhverfinu. Í boði eru heyrnatól fyrir sjúklinga sem minnka hávaða en í þeim er einnig hægt að hlusta á tónlist. Það getur verið ágætt til að minnka ónæði af slíkum hljóðum.

Starfsfólk gjörgæsludeildar

Á gjörgæsludeildinni starfa margar ólíkar starfstéttir. Þar starfa gjörgæsluhjúkrunarfræðingar, svæfinga- og gjörgæslulæknar, sérnámslæknar, sjúkraliðar, ritarar og sérhæfðir starfsmenn. Deildin fær einnig þjónustu frá öðrum deildum spítalans, t.d. sjúkrahjálfun, apóteki og tölvudeildum auk þess sem sjúkrahúsprestar koma daglega við á deildinni. Fjöldi læknanema, hjúkrunarnema og sjúkraliðanema heimsækir deildina á hverju ári. Sjúklingar deildarinnar tilheyra mismunandi sérgreinum læknisfræðinnar og sérfræðilæknar koma daglega á deildina eftir því sem við á.

Hafa samband

Símanúmer deildarinnar er 543-7653. Hægt er að hafa samband allan sólarhringinn til að fá upplýsingar um líðan sjúklings. Vinsamlegast athugið að vaktaskipti eru á eftirfarandi tímum og þá getur verið erfiðara að ná sambandi við starfsfólk.

07:30 - 08:00

15:00 - 15:30

22:45 - 23:15

Mælst er til þess að aðstandendur komi sér saman um að einn eða tveir þeirra verði tengiliðir við deildina til að draga úr álagi á starfsfólk.

Upplýsingar og efni á öðrum tungumálum en íslensku

Hægt er að nálgast upplýsingar á erlendum tungumálum um gjörgæsludvöl, tímann á legudeild og eftir að heim er komið á vefsíðunni: <https://icusteps.org/information/translations>.

Sjúklingaráðin tíu

Vertu virkur þátttakandi í meðferð þinni

1 SPURÐU

Spurðu ef eitthvað er óljóst eða veldur þér áhyggjum. Spurðu aftur ef þú skilur ekki.

2 SEGÐU FRÁ

Láttu vita um ofnæmi fyrir lyfjum, mat eða öðru, um lyfin sem þú tekur, vítamín, náttúruylf, sérstakt mataræði eða ef þú ert barnshafandi. Heilbrigðisstarfsfólk þarf nákvæmar upplýsingar sem getur þurft að ítreka til öruggis.

3 LÁTTU VITA EF ÞÚ FINNUR TIL

Segðu frá óvenjulegri liðan og einkennum þótt tengsl við veikindin virðist óljós.

4 TRYGGÐU RÉTT NAFN OG KENNITÖLU

Vertu viss um að nafn þitt og kennitala sé rétt hjá starfsfólki áður en kemur að rannsókn, meðferð eða lyfjagjöf.

5 FÁÐU UPPLÝSINGAR UM MEÐFERÐINA

Ræddu við heilbrigðisstarfsfólkið um meðferð og rannsóknir til þess að skilja sem best tilgang þeirra.

6 HAFÐU NÁKOMNA MEÐ Í VIÐTÖL

Gott er að hafa einhvern nákominn með í viðtölum því það getur dregið úr hættu á misskilningi og gagnast við að rifja upp hvað kom fram í þeim.

7 TILGREINDU NÁKOMINN SEM MÁ FÁ UPPLÝSINGAR

Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að virða trúnað en má gefa þeim sem þú eða forráðamaður þinn tilgreinir upplýsingar um liðan þína eða meðferð.

8 SPURÐU UM FRAMHALD MEÐFERÐAR

Fáðu að vita um framhald meðferðar fyrir útskrift eða í lok göngudeildarheimsóknar, hvar hún sé veitt, af hverjum og hvað þú þurfir að gera vegna hennar.

9 ÞEKKTU LYFIN ÞÍN

Mikilvægt er að vita hvernig lyfin virka, hversu lengi á að taka þau, um breytingar á lyfjainntöku og áhrif af mat og drykk. Farðu yfir lyfjakortið með útskriftarlækninum.

10 SKRIFAÐU MINNISPUNKTA

Skráðu reynslu þína í dagbók, liðan og helstu atriði um meðferðina. Undirbúðu þig fyrir viðtöl og skrifaðu niður spurningar sem þú vilt fá svarað.



LANDSPÍTALI

Gæðaskjal: LSH-067



LANDSPÍTALI

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI OKTÓBER 2022 / LSH-1268

ÁBYRGÐARMENN: DEILDARSTJÓRI OG YFIRLÆKNIR GJÖRGÆSLUDEILDAR E6 Í FOSSVOGI

LJÓSMYNDIR: ÞORKELL ÞORKELSSON

HÖNNUN: SAMSKIPTAÐEILD LANDSPÍTALA